

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 229/2018

2021/EES/62/08

frá 5. desember 2018

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1973 frá 30. október 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit með lagarafurðum sem eru veiddar af skipum sem sigla undir fána aðildarríkis og fluttar inn í Sambandið, eftir að hafa verið fluttar til í þriðju löndum, og um að koma á fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir þessar afurðir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1980 frá 31. október 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar aðferð til að greina lamandi skelfiskseitur ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við 134. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 1.2 og 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 6.2 í I. kafla:
 - „– **32017 R 1973**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1973 frá 30. október 2017 (Stjttð. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 21),
 - **32017 R 1980**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1980 frá 31. október 2017 (Stjttð. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 8).“
2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 31k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í II. kafla:
 - „– **32017 R 1973**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1973 frá 30. október 2017 (Stjttð. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 21),
 - **32017 R 1980**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1980 frá 31. október 2017 (Stjttð. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 8).“

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 21.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 8.

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzzk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 1973**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1973 frá 30. október 2017 (Stjtíð. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 21),
- **32017 R 1980**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1980 frá 31. október 2017 (Stjtíð. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 8).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/1973 og (ESB) 2017/1980, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.